

Mál nr. 308/2014
V v. ábyrgðartryggingar B vegna snjóblásara.

Bifreið skemmdist þegar snjóblásari var að blása burt snjó og klaka þ. 5.1.2014.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 7.10.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 27.10.2014.

Málsatvik.

Bifreiðin A varð fyrir skemmdum þegar snjóblásari á vegum B var að ryðja burt snjó og klaka af hlaði sveitabæjar. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu B vegna þess tjóns sem bifreið hennar A varð fyrir vegna mókstursins og einnig um bæt看 úr kaskótryggingu A hjá V. M bendir á að snjórinn hafi verið sérstaklega þungur í umrætt sinn og strókurinn frá blásaranum hafi náð langt vegna mistaka starfsmanns. V hafnar bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu B og segir að um erfiðar aðstæður hafi verið á hlaðinu þar sem verið var að ryðja og bifreiðar á kafi í snjó og ógjörningur fyrir stjórnanda snjóblásarans að gæta að þeim.

Álit.

Óumdeilt er að bifreiðin A varð fyrir tjóni þegar stjórnandi snjóblásara á vegum B var að blása í burtu snjó og klaka af hlaði sveitabæjar. Ekki hefur verið sýnt fram á að stjórnandi snjóblásarans hafi sýnt af sér aðgæsluleysi eða hagað störfum sínum með saknæmum hætti. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 18.11.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.